

**Ed.**

**67. Frumvarp til laga**

um að undanþiggja frá álagningu tekjuskatts og útsvars vinning í happdrætti Laugarneskirkju.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Bernharð Stefánsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Vinningur í happdrætti Laugarneskirkjusóknar, sem stofnað er til samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 21. apríl 1943, skal vera undanþeginn álagningu tekjuskatts og útsvars fyrir það ár, sem vinningurinn fellur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*G r e i n a r g e r ð .*

Til happdrættis þess, er hér um ræðir, er stofnað í þeim tilgangi að afla fjár til byggingar Laugarneskirkju í Reykjavík. Þykir því eðlilegt, að fyrir slíkri fjársöfnun sé greitt á allan hátt.